

Sp. 279. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]
um bætтар samgöngur á sjó við Vestfirði.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara ýtarlega athugun á því, hvernig bezt verði bætt úr þörf Vestfjarða fyrir öruggar og reglubundnar samgöngur á sjó. Skal hraða þessari athugun þannig, að niðurstöður hennar liggi fyrir, þegar næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Brýna nauðsyn ber til bættra samgangna á sjó við hafnir Vestfjarða. Hafa þær verið algerlega ófullnægjandi undanfarin ár, og hefur af því leitt margvíslegt óhagræði fyrir atvinnulífið og almenning á Vestfjörðum.

Flm. þessarar þingsályktunartillögu er kunnugt um, að nú stendur yfir endurskoðun á allri starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, þar á meðal á fyrirkomulagi strandsiglinga, athugun á hagnýtingu nýrrar tækni við út- og uppskipun, endurnýjun skipastóls og öflun nýrra og hentugri skipa.

Flm. leggja því til, að athugað verði sérstaklega í sambandi við þessa endurskoðun á starfsemi Skipaútgerðarinnar, hvernig bætt verði úr hinum ófullkomnu sjósamgöngum við Vestfirði, hvort það skuli gert með byggingu og rekstri sérstaks Vestfjarðaskips, eins og sumir telja að æskilegt sé, eða með öðrum hætti.

Horfur eru nú á, að flugsamgöngur batni verulega við Vestfirði með flugvélakaupum og áætlunarflugi Björns Pálssonar. Mun því aþmennt fagnað vestra, þar sem flugsamgöngur hafa undanfarið verið mjög lélegar við flesta staði í þessum landshluta að Ísafjarðarkaupstað undanskildum.

En samgöngurnar á sjó eru enn þá svo slæmar, að óhjákvæmilegt er úr að bæta eins fljótt og frekast er kostur.